

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Skrifstofa stafrænna samskipta
Dagsetning: 14.12.2021
Málsnúmer: SRN21110053
Bréfalykill: 6.1
Tilgangur: Til ákvörðunar Til upplýsingar
 Til undirritunar Skv. beiðni ráðherra

Efni: Samantekt um löggjöf á Norðurlöndum er varðar öryggi fjarskipta

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (þskj. 171 - 169. mál) er nú til þinglegrar meðferðar á 152. löggjafarþingi. Á fundi fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Fjarskiptastofu með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis kom fram ósk um nánari upplýsingar um fyrirmyndir í norrænni löggjöf er varðar öryggi fjarskipta. Minnisblað þetta var tekið saman í kjölfar hans.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins byggja að verulegu leyti á 40.-41. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2018/1972 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti](#) (e. European Electronic Communications Code eða Kóða-tilskipunin), sem tekin var upp í EES-samninginn í [september sl.](#) Að því marki sem nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna og þjóðaröryggis er svigrúm til sértækrar reglusetningar, með vísan til 3. mgr. 1. gr. Kóða-tilskipunarinnar og umfjöllunar í greinargerð frumvarpsins um 1. gr.

Aðrar Norðurlandþjóðir hafa á að skipa löggjöf og stofnanaumgjörð sem miðar að því að stuðla að áfallaþoli grunnvirkja, vernda almannahagsmuni og þjóðaröryggi, þ.m.t. á sviði fjarskipta.

Á meðal helstu fyrirmynda sem horft var til við undirbúning frumvarpsins eru [norsk fjarskiptalög](#) og [reglugerð](#) (sjá m.a. ákvæði 8-3 í henni) og [finnsk fjarskiptalög](#) (sjá m.a. kafla 35 og ákvæði 283).

Í Noregi voru samþykkt lög um þjóðaröryggi (n. lov om nasjonal sikkerhet eða [sikkerhetsloven](#)) árið 2018 og tóku þau gildi í ársbyrjun 2019. Þeim er ætlað að vernda þjóðaröryggishagsmuni og grunnvirki þjóðarinnar. Miðlæg öryggisstofnun (n. Nasjonal sikkerhetsmyndighet) gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd laganna, en ólík fagráðuneyti bera ábyrgð á fyrirbyggjandi öryggisstarfsemi á sínum ábyrgðarsviðum. Norsku fjarskiptaeftirlitsstofnuninni (n. Nasjonal kommunikasjonsmyndighet eða NKOM) hefur verið falið slíkt eftirlit gagnvart fjarskiptum, í samstarfi við öryggisstofnunina. Mikilvægri starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna ber að sinna áhættumati reglubundið og er skylt að innleiða þær fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir sem þörf er metin fyrir. Innviðir teljast hafa verndargildi samkvæmt lögnum ef það hefur slæm áhrif á innlenda grunnstarfsemi að virkni þeirra minnki eða þeir verði fyrir skemmdum, þeir eyðilagðir eða yfirteknir án heimildar í lögum. Þá er í lögnum vikið að kröfum sem tengjast birgjum.

Að því er hugtakanotkun varðar (s.s. þjóðaröryggi/þjóðaröryggishagsmuni) og ákvæði III. kafla frumvarpsins var m.a. horft til nýlegra danskra laga um rýni fjárfestinga (d. lov om screening af visse

udenlandske direkte investeringer m.v. i Danmark eða [investeringsscreeningsloven](#)) og sambærilegrar umgjarðar/framkvæmdar í Finnlandi, Noregi (sikkerhetsloven) og Svíþjóð. Nefnd á vegum forsætisráðuneytis um rýni fjárfestinga í þýðingarmiklum samfélagsinnviðum og tengdri starfsemi vegna þjóðaröryggis undirbýr frumvarp sem fyrirhugað er að leggja fram á vorþingi og hefur unnið að greiningu og samanburði við löggjöf í næstu nágrannaríkjum, með fulltingi framkvæmdastjóra Lagastofnunar Háskóla Íslands.